



Áfanganúmer: JARÐ1UJ05

Prep: 1

Einingar: 5

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Jarðfræði fyrir málabraut

Áfangalýsing:

Námsefnið er aðallega sniðið að jarðfræði Íslands og tengslum hennar við almenna jarðfræði jarðskorpunnar. Leitast er við að auka skilning á því hvernig innræn og útræn öfl setja mark sitt á umhverfið. Kynntir eru ýmsir þættir jarðfræðinnar svo sem eldvirkni, landmótun, loftslag og umhverfismál.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- bergfræði landsins
- flokkun og sérkennum íslenskra eldstöðva
- skiptingu jarðhitasvæða á Íslandi
- lagskiptingu jarðar, landrekskenningunni og flekahreyfingum jarðskorpunnar
- veðrun, rofi og setmyndun á Íslandi
- landmótun vatnsfalla og jökla
- flokkun vatnsfalla
- umhverfismálum
- samsetningu lofthjúpsins
- náttúruvernd á Íslandi og þjóðgörðum landsins

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að beita jarðfræðilegum hugtökum og kenningum
- greina berg og geti nýtt bergfræði við flokkun og túlkun jarðfræðilegra fyrirbæra
- að greina á milli eldstöðva og að átta sig á virkni þeirra
- að greina ummerki innrænna afla svo sem jarðhita og flekahreyfinga
- að greina ummerki útrænna afla við landmótun af völdum jökla og vatnsfalla
- fjalla um samspil manns og náttúru
- greina á milli ósoneyðingar og gróðurhúsaáhrifa

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta lesið í umhverfi sitt og áttað sig á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúrunni
- geta dregið ályktanir af ólíkum umhverfisaðstæðum á Íslandi hvað varðar myndun og mótun landsins
- skilja umfjöllun fjölmiðla um umhverfismál og náttúruvernd
- átta sig á mikilvægi og notagildi hinna ýmsu jarðfræðilegu fyrirbæra í daglega lífinu

Mat á hæfniviðmiðum
• Verkefni, kaflapróf og stúdentspróf